

ÚR VESTURHEIMI

Fundargerð prófessorsins varð að bók

- Haraldur Bessason, forseti Íslendingadagsnefndar 1959, rifjar upp svipmyndir frá Manitoba
- Dagstund á Fort Garry-hótelinu í Winnipeg varð að flakki í tíma og rúmi álfa á milli í aldir

Eftir Steinþór Guðbjartsson
steinthor@mbl.is

ÞAD má til sanns vegar færa að enginn Íslendingur þekki „Íslenska“ mannlífið í Manitoba á seinni hluta 20. aldar betur en Haraldur Bessason prófessor, sem nú býr með fjölskyldu sinni í Torontó í Kanada. Áður en hann tók við stjórn og uppbyggingu Háskólans á Akureyri stýrði hann íslenskudeild Manitobaháskóla í Winnipeg 1956 til 1987 og tók virkan þátt í félagslífi fólks af íslenskum ættum á sama tíma. Hann rifjaði upp atvik á þessu tímabili í bókinni *Bréf til Brands*, sem kom út 1999, og hefur nú bætt um betur með bókinni *Dagstund á Fort Garry*.

Gleymdi að skrifa fundargerð

Sonur Kyrholts í Skagafirði hefur marga söguna sagt og færast fært til bókar. Vestra hefur hann kynnst mörgum snillingnum eins og til dæmis Vilhjálmí Stefánssyni landkönnuði og Guttormi J. Guttormssyni skáldi. *Bréf til Brands* segja frá mörgu þessu fólki í bland

við hugrenningar höfundar. Með *Dagstund á Fort Garry* er róid á svipuð mið.

Haraldur segir í samtali við Morgunblaðið að fyrir ríflega hálfri öld eða 1959 hafi hann sem forseti Íslendingadagsnefndar stjórnað fundi á Fort Garry-hótelinu í Winnipeg. Auk hans sóttu fundinn Árnesingurinn Jósep Þórarinn Thorson frá Ásakoti í Biskupstungum, fyrrverandi hermálaráðherra Kanada og forseti fjármálaráttarinn í Ottawa í nær þrjú áratugi, sem átti að flytja minni Íslands á Íslendingadeginum á Gimli, prófessor Joe eða Jóhann Gestur Jóhannsson frá Skeggjastöðum í Torfustaðahreppi, gullmedalíumaður í stærðfræði, og lækni Sveinn Björnsson frá Lýtingsstöðum í Vopnafirði.

„Ég gleymdi að skrifa fundargerð,“ rifjar Haraldur upp spurður um tildrög bókarinnar. „Sem formaður Íslendingadagsnefndar bar mér að skrifa greinargerð um fundinn en það var ekki hægt. Fundurinn var svo langur, menn töluðu svo mikið og sögðu aðallega sögur. Ég fékk ákúru frá



Morgunblaðið/Steinþór Guðbjartsson

Öflugur Helgi Ágústsson sendiherra afhenti Harald Bessasyni skrautritaða drápu eftir Halldór Blöndal, þáverandi forseta Alþingis, á 70 ára afmæli hans 2001, um tveimur árum eftir að bókinni *Bréf til Brands* kom út.

meðnefndarmönnum mínum fyrir að hafa látið undir höfuð leggja að færa rétta fundargerð. Þeir voru nákvæmir með þetta í Íslendingadagsnefnd, en ég gaf bara munnlega skýrslu. Fyrir um einu og hálfu ári eða svo rifjaðist þetta upp fyrir mér og ég ætlaði að

skrifa smáutdrátt en svo lengdist þetta og varð að bók.“

Í bókinni kemur Haraldur víða við í 39 svipmyndum eða eins og segir á bókarkápu: „Margt bar á göma og í bókinni er svipmyndum fengin þessi dagstund til umráða. Sú stund teygir sig engu að síður

yfir nokkra áratugi; má því ætla að tímarammi styðji þar ekki í einu og öllu rökrænt samhengi. Frá fundinum enduróma frásagnir af samskiptum íslenskra landnámsmanna við indíána og Úkraínnumenn og hugleiðingar um Kensington-steininn og godsagnir og margt fleira.“

Dagstundin nær eiginlega yfir nokkrar aldir, eins og Haraldur orðar það, og lýkur ekki fyrr en með dauða Jóseps Thorsonar 1978 en hinir tveir fóru á undan honum.

Sögur

Fundurinn 1959 gekk vel fyrir sig, eins og fundir Íslendingadagsnefndar almennt, þó úr honum hafi teygst, og Haraldur ber fundarmönnum góða söguna. „Þetta voru allt fornvinir,“ segir hann. „Ég var nýkominn frá Íslandi til þess að gera og var því mjög feiminn. Ég hafði aldrei hitt þennan fræga mann Jósep Thorson og tók því prófessor Joe og doktor Svein með mér á fundinn. Þeir fengu sér ölglas, urðu mjög hressir, ákaflega hressir, og sögðu sögur endalaust alveg til kvölds.“

Af Winston Churchill og Ólafi Thors

STEINUNN Bessason, listamaður á Gimli og elsta dóttir Haraldar Bessasonar, teiknaði mynd á kápu bókar hans *Dagstund á Fort Garry*, sem Ormstunga gefur út. Eftirfarandi frásögn er úr kaflanum Winston Churchill og Ólafur Thors:

„Á leið okkar Jóseps til Winnipeg eftir orrustuna á Breiðabliki sagði hann mér frá því að skömmu áður en Ísland var hertekið vorið 1941 hefði Winston Churchill hringt til sín og viljað fela sér yfirstjórn herdeildarinnar sem senda átti til Íslands. „Ég sagði Mr. Churchill að það væri hið mesta óráð að fela Vestur-Íslendingi slíkt embætti og neitaði að taka það að mér, en Mr. Churchill ætlaði ekki að gefa sig og samtalið varð langt.“ Ég spurði einkis frekar, og aldrei reyndi ég að forvitnast neitt hjá honum um stríðsrekstur eða hernað; vissi að bróðir Jóseps, Stephen Thorson, féll í mannskæðustu orrustu fyrri heimsstyrjaldar, einn af milljón; ókunnugt er mér um hvort eldri bróðir hans stóð honum þar við hlið. Maður spurði ekki gamla hermenn, sem staðið höfðu í ströngu í stórorrustum, um slíka hluti, og aldrei heyrði ég þá minnst neitt á stórbardaga eða segja frá þeim. Slíkt hefur verið þeim flestum um megn. Ekki veit ég hversu oft



Jósep Thorson heimsótti Ísland, en hann kom þar við á ferðum sínum. Ekki spurði ég hann heldur þeirrar klassísku spurningar hvernig honum hefði fallið á Íslandi. Samt innti ég hann eitt sinn eftir því hvaða Íslendingur væri honum minnstæðastur þeirra sem hann hefði kynnst heima á ættjörðinni. Hann var fljótur til svars og sagði á ensku: „Mr. Ólafur Thors, of course.“[...]



Ljósmynd/Grétar Axelsson

Minnisvarði afhjúpaður

FYRIR skömmu var afhjúpaður minnisvarði á Gimli um Íslendinga sem féllu í stóru bólunni í Nýja-Íslandi. Á meðal um 100 viðstaddra voru Tammy Axelsson, bæjarstjóri á Gimli, James Bezan, þingmaður íhaldsmanna á Kanadabingi fyrir Gimli og nágrenni, Peter Björnson, menntamálaráðherra Manitoba, Sigrún Björk Jakobsdóttir, bæjarstjóri á Akureyri, Jón Björnsson, eiginmaður hennar, og Atli Ásmundsson, aðalræðismaður í Winnipeg.

TEPPI Á STIGAGANGINN

HLJÓÐEINANGRANDI

AUÐVELD Í ÞRIFUM

OFNÆMISPRÓFUÐ

SLITSTERK

Stepp

GÓLFEFNI ÞEKING ÞJÓNUSTA

Stepp ehf. | Ármúla 32 | Sími 533 5060 | www.stepp.is | stepp@stepp.is